

SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

PISTILL RITSTJÓRA



Sigrún Kristín Magnúsdóttir

Haft er eftir rithöfundinum, fræðimanninum og húmoristanum Gelett Burgess (1866–1951) að hafi menn ekki skipt um skoðun eða myndað sér nýja skoðun á einhverju í heilt ár, ættu þeir að taka púlsinn til þess að ganga úr skugga um að þeir séu enn á lífi! Sennilega á þetta ekki við um marga í nútíma þjóðfélagi. Við sem lifum á öðrum áratug tuttugustu og fyrstu aldarinnar þurfum að takast á við örar breytingar, því sífellt koma fram nýjar hugmyndir, aðferðir og tæki. Nýjungar og nýsköpun er ein-

mitt þema í Gátt 2011.

Gátt er ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, FA, sem hér kemur út í áttunda skipti og nú með nýjum undirtitli: Ársrit um framhaldsfræðslu. Framhaldsfræðsla er nýtt orð, svo nýtt að það hefur enn ekki ratað inn á síður orðabóka eða uppflettirita. Nýyrði sem tekur yfir bæði sviðin sem tiltekin voru í undirtitli fyrstu sjö ársritanna, fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Orðið framhaldsfræðsla var fyrst notað í nýjum lögum sem samþykkt voru á Alþingi 22. mars 2010 og tóku gildi þann 1. október sama ár. Skilgreiningu á nýyrðinu er að finna í þættinum Hvað áttu við? í Gátt 2011.

Gátt er ætlað að efla umræðu um framhaldsfræðslu á Íslandi og að þessu sinni er útgáfan í samstarfi við Norræna tengslanetið um nám fullorðinna, NVL. NVL er sérstakt verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, það er ekki miðstýrð stofnun heldur starfar það sem eins konar sýndarstofnun, þar sem fulltrúar landanna sitja hver í sínu landi en eiga sameiginlega skrifstofu á Netinu og starfa að sameiginlegum markmiðum. Eitt helsta verkefni tengslanetsins er að miðla reynslu og þekkingu og að skapa vettvang fyrir samræðu um nám fullorðinna.

Í Gátt 2011 er alhliða umfjöllun um framhaldsfræðslu á Íslandi og hinum norrænu löndunum í dag. Hér getur að líta fræðilegar greinar, reynslusögur og lýsingar á ýmsum möguleikum sem standa þeim sem óska eftir fræðslu til boða. Nálgun viðfangsefna er út frá sjónarhóli þeirra sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og NVL eiga að þjóna, ein-

staklinga, atvinnulífsins og samfélagsins. Þemað, nýjungar og nýsköpun er rauður þráður, í greinum um áhrif nýrra laga á framhaldsfræðslu, um hver þarf að kunna hvað og hversu vel? Þá er umfjöllun um færniþróunarverkefni NVL og vinnu við að samræma tölfræði og upplýsingaöflun um nám fullorðinna á Norðurlöndum. FA hefur verið falið að vinna evrópskt verkefni um þróun raunfærnimats og upplýsingakerfis um nám og störf.

Í ritinu eru líka fastir liðir eins og venjulega. Í þættinum Hvað áttu við? eru settar fram tillögur um skilgreiningar og þýðingar á iðorðum sem varða nám fullorðinna. Þá er umfjöllun um vinnuafli og markhóp FA en þar kemur fram að þeir sem hafa minnsta menntunina standa verr að vígi við atvinnuleit. Að lokum er grein um starfsemi FA og þau verkefni sem unnið hefur verið að undanfarið ár. Öll miða verkefni að því að auka færni fólks á vinnumarkaði og efla framhaldsfræðslu. Við sem störfum þar trúum því að með því að hlúa að einstaklingum og skapa þeim tækifæri til þess að takast á við ný verkefni í vinnu og námi, styrkist atvinnulífið, samkeppnishæfnin eflist og að hægt verði að skjóta traustari stoðum undir velferðarsamfélagið. Það er von ritstjórnarinnar að lesendur njóti lestursins og verði margt fróðari að honum loknum. Við hvetjum lesendur til þess að hafa samband við ritstjórnina, senda henni hugmyndir og athugasemdir og leggja sitt af mörkum í umfjöllun um framhaldsfræðslu.